

VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður ses.

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit**bls.**

Skýrsla stjórnar	2
Áritun óháðs endurskoðanda	6
Rekstrarreikningur	8
Efnahagsreikningur	9
Sjóðstreymi	10
Skýringar	11

VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður ses.
Kennitala 440608-0510
Borgartúni 18, 105 Reykjavík

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi sjóðsins

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði. VIRK var stofnað á árinu 2008 og hefur frá hausti 2009 veitt markvissa þjónustu um allt land. VIRK hefur á undanförunum 15 árum stöðugt verið að þróa þjónustu sína í takt við reynslu, árangur og rannsóknir hérlendis og erlendis. Markmiðið er ávallt að bjóða upp á faglega þjónustu af bestu gæðum sem skilar árangri fyrir bæði einstaklinga og samfélag.

Starfsemin á árinu

Samkvæmt rekstrarreikningi var afkoma VIRK fyrir fjármagnsliði jákvæð um 408,8 millj.kr. á árinu. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi fjárhagsstöðu sjóðsins og rekstur hans á liðnu ári.

Afkoma VIRK fyrir fjármagnsliði var neikvæð árin 2020 og 2021 og skýrðist það af áhrifum Covid. Tekjur VIRK eru tiltekið hlutfall af heildarlaunagreiðslum á vinnumarkaði og VIRK fær ekki hlutfall af atvinnuleysisbótum. Afkoman var var hins vegar mun jákvæðari á árinu 2022 en áætlanir gerðu ráð fyrir og skýrist það einkum af því að vinnumarkaðurinn var fljótur að ná sér á strik í kjölfar Covid en það bendir margt til þess að það taki lengri tíma að finna fyrir áhrifum Covid á þjónustupörf hjá VIRK og þar með útgjöld VIRK.

Meðalfjöldi stöðugilda hjá sjóðnum voru 57,4 á árinu 2022 og launagreiðslur sjóðsins námu 628 millj.kr. á árinu. Stöðugildin á fyrra ári voru 55,4 og launagreiðslur námu 563 millj.kr. á árinu 2021. Kynjaskipting starfsmanna VIRK í lok árs 2022 var 11% karlar og 89% konur. Kynjaskipting starfsmanna sem sinntu stjórnunarstöðum í árslok 2022 var 10% karlar og 90% konur.

Á árinu 2022 hefur verið lögð áhersla á að þróa áfram þjónustu við einstaklinga með skerta starfsgetu vegna heilsubrests. Einnig hefur verið lögð áhersla á ýmis þróunar- og rannsóknarverkefni tengd bæði forvörnum og starfsendurhæfingu. Undanfarin ár hefur sérstök áhersla verið lögð á aukna atvinnutengingu í starfsendurhæfingu og svo verður áfram á árinu 2023. Einn hluti þess er að vekja sérstaka athygli á möguleikanum til starfsendurhæfingar samhliða vinnu. Aukin áhersla hefur einnig verið á þjónustu á sviði forvarna hjá VIRK.

Á árinu 2022 komu 2.306 nýir einstaklingar í þjónustu VIRK. Heildarfjöldi einstaklinga í þjónustu í lok árs 2022 var 2.330. Áfram leitar til VIRK mikill fjöldi einstaklinga sem hafa verið lengi frá vinnumarkaði og glímir við flókinn og erfiðan vanda. Ársrit VIRK er gefið út á hverju ári í tengslum við ársfund og í því er að finna mjög mikið efni um starfsemi VIRK.

Heildarúttekt á VIRK í samræmi við bráðabirgðaákvæði laga nr. 60/2012

Í lok ársins 2022 skilaði nefnd um heildarúttekt á þjónustu VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs skýrslu með niðurstöðum sínum til félags- og vinnumarkaðsráðherra. Heildarúttektin var framkvæmd samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Markmið úttektarinnar var að leggja mat á hvort framlögum til VIRK hafi verið ráðstafað með sem skilvirkustum hætti í þágu þeirra markmiða sem stefnt var að og að kanna hvort þjónusta VIRK hafi haft mælanleg áhrif á örorkubyrði lífeyrissjóða og almannatrygginga og nýgengi örorku.

Engar af þeim ábendingum og athugasemdum sem nefndin kom með fólu í sér gagnrýni eða aðfinnslur varðandi það hvernig VIRK hefur ráðstafað fjárfrahlögum í þágu markmiðs laga nr. 60/2012. Meginumfjöllunarefni skýrslunnar er gagnrýni á skort á heildstæðu kerfi endurhæfingar og samstarfi milli kerfanna auk gagnrýni á þau lög sem um atvinnutengda starfsendurhæfingu gilda. VIRK getur tekið undir hluta af þessum ábendingum og hefur lýst yfir vilja til að vinna með ráðuneytinu í að vinna úr þessari skýrslu eins og unnt er með það að markmiði að bæta heildar þjónustukerfið.

Skýrslan inniheldur marga jákvæða þætti er varða starfsemi VIRK. Í úrtaksrannsókn sem Félagsvísindastofnun gerði fyrir nefndina kemur fram að 72% af þjónustuþegum VIRK sem ljúka þjónustu telja að starfsendurhæfingin hafi nýst þeim mjög vel og almennt er mikil ánægja meðal þjónustuþega með þjónustu VIRK í þessari úrtaksrannsókn.

Skýrsla stjórnar frh.

Í þessari heildarúttekt voru ópersónugreinanleg gögn úr gagnagrunni VIRK keyrð saman við gögn frá lífeyrissjóðum. Þetta er í fyrsta skipti sem slík samkeyrsla er gerð hér á landi og eru niðurstöður hennar áhugaverðar. Einnig var í skýrslunni sérstaklega skoðuð þróun á örorku og endurhæfingu bæði hjá lífeyrissjóðum og Tryggingastofnun og er niðurstaðan m.a. eftirfarandi:

- Mun fleiri hafa endurhæfst á árunum 2015-2019 en vænta mátti samkvæmt reynslu árána 2000-2004 (áður en VIRK var stofnað).
- Örorkubyrði hjá Tryggingastofnun á árunum 2015-2019 er 2,4% lægri en hún var á árunum 2000-2004 (áður en VIRK var stofnað).
- Örorkubyrði hjá lífeyrissjóðum hefur dregist talsvert saman eða um 13,7% milli tímabilanna 2000-2004 og 2015-2019.
- Fram kemur í skýrslunni að hjá lífeyrissjóðum hafi aukin endurhæfing „náð að eyða áhrifum aukins nýgengis“.

Um er að ræða jákvæða þróun sem felur í sér aukningu í endurhæfingu og minnkandi örorkubyrði. Þessi þróun hefur átt sér stað þrátt fyrir mikil efnahagsleg áföll og breytingar í samfélaginu, sem ættu alla jafna að hafa þveröfug áhrif. Hér má benda á það að Íslenskt velferðarkerfi hefur í heild sinni gert sitt besta til að auka þátttöku og getu einstaklinga á þessu tímabili, þrátt fyrir oft erfiðar aðstæður.

Rétt er að taka það fram að þessa þróun má ekki einungis rekja til tilkomu VIRK. VIRK hefur ávallt bent á að starfsemi VIRK geti ekki ein og sér borið ábyrgð á nýgengi örorku. Á bakvið hana séu mun fleiri samverkandi þættir og flókið samspil þeirra. Engu að síður er afar ánægjulegt að sjá þessa jákvæðu þróun nýgengis örorku í útreikningum og rannsóknnum sem nefndin lét framkvæma.

Ávinningur starfsins

Ávinningur starfs VIRK verður ekki mældur með útgjöldum eða tekjum sjóðsins. Ávinningurinn felst í því að einstaklingar ná að verða virkir þátttakendur í atvinnulífnum og ná þannig auknum tekjum og lífsgæðum. Ávinningurinn kemur einnig fram í sparnaði hjá launagreiðendum, lífeyrissjóðum og ríki. VIRK hefur unnið að því að þróa marga og mismunandi árangursmælikvarða á starfið og í ársriti VIRK er að finna upplýsingar um hluta þessara mælinga. Talnakönnun hf. hefur lagt tryggingastærðfræðilegt mat á ávinning VIRK út frá mjög hóflegum forsendum undanfarin 8 ár og niðurstaðan fyrir árið 2022 er um 17,8 milljarðar eða fimm sinnum rekstrarútgjöldin á árinu. Skýrslan fyrir árið 2022 tekur mið af breyttum forsendum er varða laun þjónustuþega VIRK þar sem tekið er mið af þeim upplýsingum sem komu fram í skýrslu um heildarúttekt á VIRK. Skýrslur Talnakönnunar er að finna á vefsíðu VIRK www.virk.is.

Húsnæði og varasjóður

VIRK keypti húseignina Borgartún 18 í lok árs 2020 og flutti starfsemi sína þangað í apríl 2021. VIRK notar tvær hæðir og kjallara fyrir starfsemi sína en leigir út þriðju hæðina í Borgartúni 18.

Varasjóður VIRK í lok árs var jákvæður um 4.203 millj.kr. en var 3.930 millj.kr. í byrjun árs. Varasjóður VIRK hefur þannig hækkað um 273 millj. kr. á árinu 2022.

Það er ekki hlutverk eða markmið VIRK að safna fjármunum í sjóði. VIRK er hins vegar ekki með ríkisábyrgð og því þarf að vera til staðar varasjóður til að geta staðið við þá samninga og þær skuldbindingar sem VIRK hefur samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Ráðgjafafyrirtækið Talnakönnun hefur metið þörf á stærð varasjóðs miðað við starfsemina og niðurstaðan er sú að nauðsynlegur lágmarkssjóður sé 3.151 millj.kr. króna. Þetta er sjóður sem samkvæmt tölfraðilegum aðferðum er með 50% öryggi (þ.e. helmingslíkur eru á að kostnaðurinn verði meiri). Sé hins vegar miðað við 97,5% öryggi eins og oft er gert í tryggingafélögum fæst að sjóðurinn þyrfti að vera 4.795 millj. kr. Raunverulegur sjóður er 4.203 millj. kr. sem svarar til 90% öryggis. Það er mat stjórnar VIRK að varasjóður VIRK tryggji í dag það öryggi sem þarf að vera til staðar í rekstri VIRK og ekki sé þörf á frekari söfnun í varasjóð.

Skýrsla stjórnar frh.

Framtíðaráform

Haustið 2019 var farið í stefnumótunarvinnu hjá VIRK með aðkomu mjög margra aðila bæði innan og utan VIRK. Skerpt var á hlutverki VIRK í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur undanfarin ár og mótuð var framtíðarsýn og stefna til ársins 2025. Unnið hefur verið markvisst á árinu 2022 að þeim verkefnum sem skilgreind hafa verið í kjölfar þessarar stefnumótunarvinnu.

Framtíðarsýn VIRK til ársins 2025 er eftirfarandi:

VIRK skilar samfélagslegum ávinningi með árangursríkri og markvissri starfsendurhæfingu sem mætir þörfum einstaklinga og atvinnulífs

- Þjónustan er straumlínulöguð og þrepaskipt út frá vanda einstaklinga
- Skilvirkt og öflugt samstarf er við fagaðila, vinnustaði, stéttarfélög, lífeyrissjóði og stofnanir um allt land
- Almenn vitneskja er um ávinning af starfi VIRK og rétt einstaklinga til þjónustu hjá VIRK
- Atvinnutenging VIRK stuðlar að auknum tækifærum á vinnumarkaði fyrir einstaklinga með heilsubrest
- Forvarnarverkefni VIRK stuðlar að heilsusamlegu starfsumhverfi og eykur þannig þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði
- VIRK er fyrirmyndar vinnustaður þar sem lögð er áhersla á vellíðan og árangur starfsmanna

Markvisst hefur verið unnið í samræmi við starfsáætlun sem mótuð var í framhaldi af stefnumótunarvinnunni og er mörgum verkefnum nú þegar lokið.

Starfsemi VIRK mun halda áfram að próast og eflast á næstu árum. Starfsendurhæfing er tiltölulega ný faggrein sem er í stöðugri þróun um allan heim og sífellt bætist við ný þekking og reynsla sem taka þarf mið af við þróun þjónustunnar hjá VIRK. Einstaklingar sem þurfa á starfsendurhæfingu að halda eru undantekningarlítið að glíma við flókinn vanda og aðstæður sem kalla á það að mismunandi fagstéttir vinni saman að því að veita þjónustu og finna lausnir auk þess sem nauðsynlegt er að ólíkar stofnanir velferðarkerfisins vinni saman út frá þeim fjölbreyttu þörfum sem einstaklingar hafa.

Breytingar er varða ráðningarform ráðgjafa VIRK

Flestir ráðgjafar VIRK hafa verið starfsmenn stéttarfélaganna víða um land en starfað samkvæmt samningi milli VIRK og viðkomandi stéttarfélaganna þar sem VIRK hefur alla umsjón með starfi þeirra og fjármagnar laun þeirra og starfsaðstöðu. Á árinu 2022 átti sér stað sú breyting að 8 ráðgjafar sem höfðu ráðningarsamning við stéttarfélög færðust yfir í að vera starfsmenn VIRK. Þetta skýrir m.a. breyttan fjölda stöðugilda hjá starfsmönnum og ráðgjöfum milli árunna 2021 og 2022. Fyrirséð er að þessi breyting muni ná til enn fleiri ráðgjafa á árinu 2023 enda hefur hún reynst mjög vel og auðveldar alla stýringu og upplýsingagjöf. Áfram veita þó ráðgjafar þjónustu á skrifstofum stéttarfélaganna og þjónustuþegar finna ekki fyrir þessari breytingu.

Ráðstöfun afkomu ársins

Stjórnin vísar til eiginfjárfirlits vegna ráðstöfunar á afkomu ársins.

Skýrsla stjórnar frh.

Stjórn VIRK

Stjórn VIRK skipa 4 karlar og 10 konur, kynjahlutfallið er því 29% karlar og 71% konur. Innan stjórnar er skipuð sérstök framkvæmdastjórn samkvæmt skipulagsskrá sem í sitja sex aðilar úr stjórn. Framkvæmdastjórn skipa 2 karlar og 4 konur, kynjahlutfallið er því 33% karlar og 67% konur. Stjórn VIRK fundar að lágmarki fjórum sinnum á ári en framkvæmdastjórn VIRK fundar að jafnaði einu sinni í mánuði. Stjórnarmenn fá ekki greitt fyrir stjórnarsetu.

Stjórn VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs ses. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. mars 2023

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Lóa Birna Birgisdóttir, formaður

Vigdís Jónsdóttir

Lilja K. Sæmundsdóttir, varaformaður

Georg Páll Skúlason

Guðmundur Heiðar Guðmundsson

Halldóra Friðjónsdóttir

Heiðrún Björk Gísladóttir

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir

Kolbrún Halldórsdóttir

Marta Ólöf Jónsdóttir

Páll Ásgeir Guðmundsson

Ragnar Þór Ingólfsson

Sólveig B. Gunnarsdóttir

Unnur Sverrisdóttir

Þórey S. Þórðardóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs ses.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs ses. fyrir árið 2022, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar
 - Rekstrarreikning 2022
 - Efnahagsreikning 31. desember 2022
 - Sjóðstreymi ársins 2022
 - Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.
- Skýrsla stjórnar er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði

Við erum óháð sjóðnum samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar sem lá fyrir við áritun okkar. Aðrar upplýsingar eru jafnframt ársrit sjóðsins sem lá ekki fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra anmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum sjóðsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning sjóðsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa sjóðinn upp eða hætta rekstri hans, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi sjóðsins. Stjórnendum sjóðsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hans til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda (framhald)

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi sjóðsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi hans. Ef við teljum að veruleg óvíska ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að sjóðurinn verði ekki lengur rekstrarhæfur.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 29. mars 2023

PricewaterhouseCoopers ehf.

Bryndís Björk Guðjónsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2022

	Skýringar	2022	2021
Rekstrartekjur			
Iðgjöld		3.275.139.062	2.856.495.423
Framlag ríkisins		848.499.996	761.000.000
Aðrar tekjur		32.020.451	13.402.320
	3	<u>4.155.659.509</u>	<u>3.630.897.743</u>
Starfsendurhæfing			
Útgjöld vegna starfsendurhæfingar	5	<u>3.227.941.962</u>	<u>3.256.700.874</u>
		3.227.941.962	3.256.700.874
Rekstrarkostnaður			
Laun og tengd gjöld vegna skrifstofu	4	232.975.780	199.085.026
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	6	206.529.533	175.632.198
Heildarúttekt á VIRK		45.386.480	0
Afskriftir	8	<u>33.990.767</u>	<u>23.822.834</u>
		518.882.560	398.540.058
Afkoma fyrir fjármagnsliði		408.834.987	(24.343.189)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármunatekjur		(136.117.073)	269.727.531
Fjármagnsgjöld		(211.274)	(196.368)
Fjármagnstekjuskattur		<u>(39.450.110)</u>	<u>(12.512.106)</u>
	7	<u>(175.778.457)</u>	<u>257.019.057</u>
Afkoma ársins		<u><u>233.056.530</u></u>	<u><u>232.675.868</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýringar	2022	2021
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteign og búnaður	8	1.322.080.010	1.356.070.777
Fjárfestingar:			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum		707.083.887	691.606.645
Skuldabréf og skuldabréfasjóðir		3.171.592.220	2.961.319.700
Innlánsreikningur		38.026.474	51.085.503
	9	<u>3.916.702.581</u>	<u>3.704.011.848</u>
Aðrar eignir:			
Óinnheimt iðgjöld og aðrar kröfur	10	387.938.058	377.591.753
Handbært fé	11	290.714.364	156.211.881
		<u>678.652.422</u>	<u>533.803.634</u>
Eignir samtals		<u><u>5.917.435.013</u></u>	<u><u>5.593.886.259</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Stofnfé		1.500.000	1.500.000
Sjóður til forvarnarverkefna		0	6.585.608
Annað eigið fé		1.322.080.010	1.356.070.777
Varasjóður		4.203.321.567	3.929.688.662
	12	<u>5.526.901.577</u>	<u>5.293.845.047</u>
Skuldir			
Ýmsar skammtímaskuldir	13	390.533.436	300.041.212
		<u>390.533.436</u>	<u>300.041.212</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>5.917.435.013</u></u>	<u><u>5.593.886.259</u></u>
Aðrar upplýsingar	14 - 17		

Sjóðstreymi ársins 2022

	Skýringar	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		233.056.530	232.675.868
Afskriftir fastafjármuna	8	33.990.767	23.822.834
Hreinar (fjármunatekjur) / fjármagnsgjöld	7	175.778.457	(257.019.057)
		<u>442.825.754</u>	<u>(520.355)</u>
Lækkun (lækkun) rekstartengdra eigna:			
Skammtímakröfur		(10.346.305)	(41.324.779)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		90.492.224	(29.021.960)
		<u>80.145.919</u>	<u>(70.346.739)</u>
Greiddir vextir og þjónustugjöld			
		(211.274)	(196.368)
Innborgaðar fjármunatekjur af handbæru fé og kröfum			
		14.574.399	1.686.791
Greiddur fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum af handbæru fé			
		(2.909.440)	(95.723)
Handbært fé frá rekstri		<u>534.425.358</u>	<u>(69.472.394)</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Innlausn (viðbót) fjármuna í eignastýringu		(399.922.875)	300.000.000
Fjárfesting í fasteign		0	(200.622.819)
		<u>(399.922.875)</u>	<u>99.377.181</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		134.502.483	29.904.787
Handbært fé í byrjun árs		156.211.881	126.307.094
Handbært fé í árslok		<u>290.714.364</u>	<u>156.211.881</u>

Aðrar upplýsingar

14 - 17

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði.

VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður ses. er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur sjóðsins er að Borgartúni 18, 105 Reykjavík.

Um starfsemi VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs gilda lög nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Þar er kveðið á um greiðsluskyldu atvinnurekenda í sjóðinn og nam hún 0,13% af heildarlaunum starfsmanna á árinu 2015. Þessa fjárhæð bar lífeyrissjóðum að innheimta og skila til VIRK. Einnig er þar kveðið á um greiðsluskyldu lífeyrissjóða og nemur hún sömu fjárhæð og lífeyrissjóðirnir fá innheimta af atvinnurekendum.

Í lok árs 2015 var sett bráðabirgðaákvæði í lög nr. 60/2012 um tímabundna lækkun gjalda úr 0,13% í 0,10% af stofni tryggingagjalds. Þetta ákvæði hefur verið framlengt á hverju ári síðan það var sett. Framlag ríkisins var 848 milljón króna á árinu 2022 og nemur 0,05% af gjaldstofni tryggingagjalds. Framlag ríkisins verður 1.078 milljón króna á árinu 2023.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga að því undanskildu að hugbúnaður og rekstrarfjármunir eru gjaldfærðir við kaup. Ársreikningurinn er settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum og í skýringu 16.

3. Rekstrartekjur

	2022	2021
<i>Iðgjöld</i>		
Iðgjöld atvinnurekenda	1.654.870.802	1.448.159.084
Mótframlag lífeyrissjóða	1.661.674.967	1.448.418.102
Innheimtupóknun	(41.406.707)	(40.081.763)
	<u>3.275.139.062</u>	<u>2.856.495.423</u>

Iðgjöld

Iðgjöld samanstanda af greiðsluskyldu atvinnurekenda og lífeyrissjóða í samræmi við lög nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.

Iðgjöld eru færð til tekna í rekstrarreikning þegar greiðsla berst sjóðnum, en við áramót eru þau iðgjöld sem greidd hafa verið á fyrstu vikum eftir lok reikningsskilatímabils færð til tekna.

Framlag ríkisins

Framlag ríkisins er fært til tekna á grundvelli greiðslu frá ríkissjóði í samræmi við ákvæði laga um tryggingagjald nr. 113/1990 og laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012.

	2022	2021
<i>Aðrar tekjur</i>		
Leigutekjur	32.020.451	13.402.320
	<u>32.020.451</u>	<u>13.402.320</u>

Á árinu 2022 voru fjórir leigjendur í húsnæði VIRK að Borgartúni 18. Allt voru þetta leigjendur sem komu inn á árinu 2021. VIRK leigði einnig út 16 bílastæði til Arion banka allt árið 2022 en var samningnum sagt upp af VIRK í desember 2022 og rennur sá samningur út nú í mars 2023.

Skýringar

4. Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

	2022	2021
Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:		
Laun	628.337.782	563.240.867
Launatengd gjöld	137.622.520	119.534.515
Áunnið orlof, breyting	19.868.917	6.999.141
Annar starfsmannakostnaður	12.514.066	6.217.451
	<u>798.343.285</u>	<u>695.991.974</u>
Launagreiðslur til stjórnenda sjóðsins:		
Framkvæmdastjóri	21.323.131	19.875.124
Stjórnarmenn fá ekki greitt fyrir stjórnarsetu.		
Laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður kemur þannig fram í rekstrarreikningi:		
Laun og tengd gjöld vegna skrifstofu	232.975.780	199.085.026
Fært undir útgjöld meðal starfsendurhæfingar	565.367.505	496.906.948
	<u>798.343.285</u>	<u>695.991.974</u>
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf:		
Skrifstofa	15,3	15,6
Starfsendurhæfing	42,2	39,9
	<u>57,4</u>	<u>55,4</u>

5. Útgjöld vegna starfsendurhæfingar

	2022	2021
Útgjöld vegna starfsendurhæfingar greinast þannig:		
Þjónusta og aðstöðugjald vegna ráðgjafa	681.853.647	781.025.806
Sérfræðiþjónusta og matsteymi	117.494.976	140.383.969
Úrræði	1.579.400.967	1.647.927.481
Laun og tengd gjöld vegna starfsendurhæfingar, sbr. skýringu 4	565.367.505	496.906.948
Þróun og rekstur á upplýsingakerfi	145.760.483	128.570.077
Styrkir vegna þróunar, rannsókna, virkni og framleiðslu kynningarefnis	52.610.500	31.127.611
Forvarnarverkefni	85.453.884	30.758.982
	<u>3.227.941.962</u>	<u>3.256.700.874</u>
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf	42,2	39,9
Fjöldi stöðugilda ráðgjafa hjá stéttarfélögum í lok árs	36,3	53,0
Fjöldi einstaklinga sem nutu þjónustu á vegum VIRK í lok árs	2.330	2.381
Fjöldi nýrra einstaklinga í þjónustu á árinu	2.306	2.222

Á árinu 2022 átti sér stað sú breyting að átta ráðgjafar sem höfðu ráðningarsamning við stéttarfélög færðust yfir í að vera starfsmenn VIRK. Þetta skýrir m.a. breyttan fjölda stöðugilda hjá starfsmönnum og ráðgjöfum milli árana 2021 og 2022.

Sjö sérfræðingar (2021:10) voru í sérhæfðum mats- og rýnitemum í lok árs, sex lækningar og einn sálfræðingur á Akureyri. Vinnuframlag þeirra er mjög mismunandi en um aðkeypta þjónustu sjálfstæðra verktaka er að ræða í þessum teymum.

Skýringar

6. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

	2022	2021
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður greinist þannig:		
Húsaleiga	0	5.306.339
Viðhald húsnæðis	2.635.820	4.503.397
Annar rekstrarkostnaður fasteigna	49.279.685	41.264.675
Innréttingar, áhöld og tæki	22.602.448	11.529.257
Ritföng og prentun	1.592.254	1.026.272
Sími, internetkostnaður og burðargjöld	3.057.854	3.263.101
Gjaldfærð áhöld og viðhald	1.578.328	4.290.961
Mötuneyti	5.834.941	10.688.384
Útgáfa og kynningarkostnaður	18.544.187	25.285.707
Menntun, ráðstefnur og námskeið	5.118.930	3.646.057
Bækur, tímarit og námsgögn	271.433	194.575
Ferðakostnaður innanlands	607.948	121.018
Funda-, ráðstefnu og viðskiptakostnaður	5.857.986	2.921.111
Rekstur tölvubúnaðar og hugbúnaður	31.523.487	28.267.728
Endurskoðun og reikningshaldsleg aðstoð	4.876.632	3.480.622
Lögfræði- og ráðgjafakostnaður	7.895.700	7.988.452
Aðkeypt þjónusta	40.779.566	17.709.548
Tryggingar	2.882.225	2.748.177
Annar kostnaður	1.590.109	1.396.817
	<u>206.529.533</u>	<u>175.632.198</u>

7. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	2022	2021
Fjármunatekjur greinast þannig:		
Innleystur hagnaður eignastýringar	(5.992.641)	2.270.693
Óinnleystur hagnaður eignastýringar	(165.418.683)	261.584.974
Arðstekjur eignastýringar	1.289.371	401.080
Vaxtatekjur eignastýringar	22.842.989	8.848.052
Umsýsluþóknun eignastýringar	(3.412.508)	(5.064.059)
Vaxtatekjur	13.234.561	435.106
Vaxtatekjur vegna innheimtu lífeyrissjóða	1.339.838	1.251.685
	<u>(136.117.073)</u>	<u>269.727.531</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Þjónustugjöld	(84.241)	(57.103)
Þjónustugjöld kreditkorta	(14.525)	(14.045)
Sedilgjöld reikninga	(112.416)	(125.220)
Vaxtagjöld	(92)	0
	<u>(211.274)</u>	<u>(196.368)</u>
Fjármagnstekjuskattur	(39.450.110)	(12.512.106)
	<u>(175.778.457)</u>	<u>257.019.057</u>

Skýringar

7. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld), frh.

Tekjur af fjárfestingum

Fjárfestingar eru í eignastýringu hjá viðskiptabönkum sjóðsins samkvæmt samningi þar um. Tekjur vegna fjárfestinganna færir sjóðurinn með eftirfarandi hætti:

Óinnleystur hagnaður eða tap eignastýringar: Er færður í lok reikningsskilatímabils samkvæmt uppgjöri frá eignastýringu og er vegna gangvirðisbreytinga og annarra matsbreytinga á fjárfestingum sjóðsins.

Innleystur hagnaður eignastýringar: Er hagnaður eða tap vegna gangvirðisbreytinga og annarra matsbreytinga af fjárfestingum sjóðsins sem hefur verið innleystur á tímabilinu.

Arðstekjur eignastýringar: Eru tekjufærðar þegar ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Vaxtatekjur eignastýringar: Eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna innlánsreikninga í eignastýringu.

Aðrar vaxtatekjur eru vaxtatekjur vegna bankainnistæðna, innheimtu lífeyrissjóða og annarra krafna.

Fjármagnsgjöld og fjármagnstekjuskattur

Fjármagnsgjöld eru færð til gjalda á því tímabili sem þau falla til. Fjármagnstekjuskattur er gjaldfærður á því ári sem hann er innheimtur.

Erlendir gjaldmiðlar og vísitölutenging

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags eins og það er skráð hjá Seðlabanka Íslands. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu hjá Seðlabanka Íslands. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2022. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir og lóðir	Innréttingar og búnaður	Samtals
Árslok 2021			
Bókfært verð í ársbyrjun	1.179.270.792	0	1.179.270.792
Viðbót ársins	172.875.852	27.746.967	200.622.819
Afskriftir	(21.329.260)	(2.493.574)	(23.822.834)
Bókfært verð í árslok	1.330.817.384	25.253.393	1.356.070.777
Bókfært verð í árslok 2021 greinist þannig			
Kostnaðarverð	1.352.146.644	27.746.967	1.379.893.611
Afskrifað samtals	(21.329.260)	(2.493.574)	(23.822.834)
Bókfært verð í árslok	1.330.817.384	25.253.393	1.356.070.777
Árslok 2022			
Bókfært verð í ársbyrjun	1.330.817.384	25.253.393	1.356.070.777
Afskriftir	(30.423.299)	(3.567.467)	(33.990.767)
Bókfært verð í árslok	1.300.394.084	21.685.925	1.322.080.010
Bókfært verð í árslok 2022 greinist þannig			
Kostnaðarverð	1.352.146.644	27.746.967	1.379.893.611
Afskrifað samtals	(51.752.560)	(6.061.042)	(57.813.601)
Bókfært verð í árslok	1.300.394.084	21.685.925	1.322.080.010

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

Á árinu 2020 var fjárfest í fasteign að Borgartúni 18 í Reykjavík fyrir samtals 1.160.000.000 krónur undir starfsemi VIRK. Breytingar voru gerðar á húsnæðinu svo það henti betur starfsemi VIRK. Heildarkostnaður við breytingarnar námu um kr. 220 milljónum. VIRK flutti starfsemi sína í nýtt húsnæði þann 19. apríl 2021. Engar viðbætur voru eignfærðar á árinu 2022.

Fasteignin, innréttingar, áhöld og tæki eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði á áætluðum líftíma.

Áætlaður líftími fasteignar 40 ár

Áætlaður líftími innréttinga, áhaldna og tækja 7 ár

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum nýtingartíma eignarinnar.

Áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið og aðlagð, ef þörf er á, í lok hvers reikningsárs.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna.

Fasteignamat og vátryggingaverðmæti

Fasteign félagsins í árslok 2022 var eftirfarandi:	Fasteignamat, hús	Fasteignamat, lóð	Brunabótamat
Borgartún 18 (F2009486)	863.650.000	212.750.000	1.267.850.000
	<u>863.650.000</u>	<u>212.750.000</u>	<u>1.267.850.000</u>

Fasteignin að Borgartúni 18 er vátryggð fyrir kr. 1.234.735.449. Vátryggingaverðmæti lausafjár er kr. 148.849.883. Ábyrgðartrygging atvinnureksturs nemur kr. 1.050.000.000.

Skýringar

9. Fjárfestingar í verðbréfum

Fjárfestingar VIRK-Starfsendurhæfingarsjóðs ses. eru allar í eignastýringu hjá viðskiptabönkum sjóðsins, Íslandsbanka og Kviku banka. Eignastýringin vinnur samkvæmt fjárfestingarstefnu sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt og tekur mið af markmiðum og aðstæðum sjóðsins.

Í efnahagsreikningi flokkast fjárfestingarnar í þrennt: Eignahluti í félögum og sjóðum, skuldabréf og skuldabréfasjóði og innlánsreikninga.

	2022	2021
Eignarhlutir í félögum og sjóðum sundurliðast þannig:		
Hlutabréf í skráðum félögum	0	29.571.492
Eignarhlutir í hlutdeildarskírteinum hlutabréfasjóða	485.937.213	457.129.813
Eignarhlutir í hlutdeildarskírteinum erlendra hlutabréfasjóða	221.146.674	204.905.340
	<u>707.083.887</u>	<u>691.606.645</u>
Skuldabréf og skuldabréfasjóðir sundurliðast þannig:		
Ríkisskuldabréf	436.755.823	43.124.359
Skuldabréf sveitarfélaga	178.004.063	42.663.968
Skuldabréf lánastofnana	59.776.956	81.430.837
Skuldabréfasjóðir	2.459.959.947	2.784.776.919
Skuldabréf fyrirtækja	37.095.432	9.323.618
	<u>3.171.592.220</u>	<u>2.961.319.700</u>
Innlánsreikningar í eignastýringu:	38.026.474	51.085.503
Innlánsreikningar eru bankareikningar og lausafjárjóðir í eignastýringu.		
Fjárfestingar samtals	3.916.702.581	3.704.011.848
Ávöxtun fjárfestinga í eignastýringu:		
Ávöxtun fyrir fjármagnstekjuskatt	(150.691.472)	268.040.740
Nafnávöxtun, Íslandsbanki	-5,2%	9,4%
Nafnávöxtun, Kvika, 14. júní 2022 til 31. desember 2022	0,4%	e.v.
Nafnávöxtun, Landsbankinn, 1. janúar til 14. júní 2022 / allt árið 2021	-2,9%	5,3%

Í lok ársins voru kr. 1.990.246.139 í eignastýringu hjá Íslandsbanka og kr. 1.926.456.442 hjá Kviku.

Félög og sjóðir, matsreglur

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru færðir á gangvirði. Verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í lok árs, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins.

Eignarhlutir í hlutabréfa- og skuldabréfasjóðum sem ekki eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði er færð upp miðað við gengi sem er útgefið af sjóðunum. Það gengi á að endurspeglar gangvirði undirliggjandi hluta- og skuldabréfa í sjóðunum að frádrægnum kostnaði.

Skuldabréf, matsreglur

Skuldabréf eru metin á gangvirði. Skuldabréf sem eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í lok árs, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins.

Áhættustýring

Áhættustýring er í höndum stjórnar sjóðsins sem markar fjárfestingastefnu. Helsti fjárhagslegur áhættuþáttur sjóðsins telst vera markaðsáhætta tengd fjárfestingu í verðbréfum. Sjá nánar umfjöllun um fjárhagslega áhættustjórnun í skýringu nr. 17.

Skýringar

10. Óinnheimt iðgjöld og aðrar kröfur

	2022	2021
Óinnheimt iðgjöld og aðrar kröfur sundurliðast þannig:		
Útistandandi iðgjöld atvinnurekenda	173.132.070	167.570.407
Útistandandi mótframlag lífeyrissjóða	213.793.172	209.298.561
Viðskiptakröfur	1.011.405	722.785
Fjármagnstekjuskattur, afdreginn	1.411	0
	<u>387.938.058</u>	<u>377.591.753</u>

Óinnheimt iðgjöld og mótframlög eru færð á nafnverði.

11. Handbært fé

Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

12. Eigið fé

Stofnfé

Stofnfé sjóðsins samkvæmt skipulagsskrá nemur kr. 1.500.000. Óskerðanlegt stofnfé samkvæmt skipulagsskrá nemur kr. 1.000.000.

Stofnaðilar sjóðsins eru: Alþýðusamband Íslands (ASÍ), Samtök atvinnulífsins (SA), Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), Bandalag háskólamanna (BHM), Kennarasamband Íslands, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Launanevnd sveitarfélaganna og Reykjavíkurborg.

Sjóður til forvarnarverkefna

Á árinu 2017 ákvað VIRK að fara af stað í sérstakt forvarnarverkefni og voru 150 millj.kr. færðar úr varasjóði VIRK í sérstakan sjóð meðal eigin fjár. Í upphafi árs 2022 voru eftirstöðvar forvarnarsjóðsins 6,6 millj.kr. en kostnaður vegna forvarnarstarfs á árinu nam 85,4 millj.kr. Ekki er lengur um að ræða sérstakt forvarnarverkefni heldur eru forvarnir orðnar hluti af almennum rekstri VIRK. 78,9 millj.kr. var því gjaldfærður sem kostnaður við forvarnarverkefni.

Annað eigið fé

Sjóðurinn færir á annað eigið fé fjárhæð sem endurspeglar bókfært verð fasteignar. Breytingar á árinu skýrast af eignfærðum kostnaði og afskriftum ársins.

Varasjóður

Ráðstöfun fjármuna VIRK takmarkast við verkefni sjóðsins eins og þau eru skilgreind í skipulagsskrá og snúa að starfsendurhæfingu. VIRK er ekki með ríkisábyrgð og því þarf að vera til staðar varasjóður til að sjóðurinn geti staðið við þá samninga og þær skuldbindingar sem VIRK hefur samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Ráðgjafafyrirtækið Talnakönnun hf. hefur metið þörf á stærð varasjóðs miðað við starfsemina og niðurstaðan er sú að nauðsynlegur lágmarkssjóður sé 3.151 millj.kr. Þetta er sjóður sem samkvæmt tölfræðilegum aðferðum er með 50% öryggi (þ.e. helmingslíkur eru á að kostnaðurinn verði meiri). Sé hins vegar miðað við 97,5% öryggi eins og oft er gert hjá tryggingafélögum fæst að sjóðurinn þurfi að vera 4.795 millj.kr. Raunverulegur varasjóður er 4.203 millj.kr. í lok árs 2022 sem svarar til 90,0% öryggis (2021: 91,0%). Það er mat stjórnar VIRK að varasjóður VIRK tryggi í dag það öryggi sem þarf að vera til staðar í rekstri VIRK og ekki sé þörf á frekari söfnun í varasjóð.

Skýringar

12. Eigið fé, frh.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Stofnfé	Sjóður til forvarnarverk.	Annað eigið fé	Varasjóður	Eigið fé samtsals
Hreyfingar 2021:					
Staða í ársbyrjun	1.500.000	37.344.590	1.179.270.792	3.843.053.797	5.061.169.179
Fært af sjóð til forvarnarverkefna		(30.758.982)		30.758.982	0
Annað eigið fé			176.799.985	(176.799.985)	0
Afkoma ársins				232.675.868	232.675.868
Staða í árslok	1.500.000	6.585.608	1.356.070.777	3.929.688.662	5.293.845.047
Hreyfingar 2022:					
Staða í ársbyrjun	1.500.000	6.585.608	1.356.070.777	3.929.688.662	5.293.845.047
Fært af sjóð til forvarnarverkefna		(6.585.608)		6.585.608	0
Annað eigið fé			(33.990.767)	33.990.767	0
Afkoma ársins				233.056.530	233.056.530
Staða í árslok	1.500.000	0	1.322.080.010	4.203.321.567	5.526.901.577

13. Ýmsar skammtímaskuldir

	2022	2021
Ýmsar skammtímaskuldir sundurliðast þannig:		
Lánadrottnar	242.833.898	186.363.585
Ógreiddir styrkir	21.764.901	15.914.901
Ógreidd laun og launatengd gjöld	35.318.194	27.015.200
Áunnið orlof	90.616.443	70.747.526
	390.533.436	300.041.212

Ýmsar skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði.

14. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar sjóðsins eru stofnaðilar, stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóri og nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	Keypt þjónusta, leiga og vörur	Seld þjónusta
Alþýðusamband Íslands, stofnaðili	205.800	0
	205.800	0

15. Aðrar upplýsingar

Skuldbindingar

Samkvæmt 15. gr. laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012 skulu framlög til starfsendurhæfingarsjóðs standa undir þeirri þjónustu sem sjóðnum er skylt að veita. Sjóðurinn skal ábyrgjast skuldbindingar sínar með framlögum og skal miðað við að sjóðurinn geti staðið við þær.

Benedikt Jóhannesson tryggingastærðfræðingur, fyrir hönd Talnakönnunar hf. hefur að ósk sjóðsins metið nauðsynlegt umfang varasjóðs vegna starfseminnar. Að hans mati er niðurstaða útreikninga sú að miðað við þá skjólstæðinga sem ekki hafa lokið meðferð í lok árs 2022 sé nauðsynlegur lágmarkssjóður 3.151 millj.kr. Miðast sú þörf við tölfraðilegar aðferðir með 50% öryggi (þ.e. helmingslíkur eru á að kostnaður verði meiri). Stærð varasjóðsins þann 31. desember 2022 að fjárhæð 4.203 millj.kr tryggir 90,0% öryggi.

Skýringar

15. Aðrar upplýsingar, frh.

Þóknun endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda greinist þannig:	2022	2021
Endurskoðun ársreiknings	3.086.768	2.453.928
Önnur þjónusta	675.880	1.026.694
	<u>3.762.648</u>	<u>3.480.622</u>

16. Aðrar helstu reikningsskilaaðferðir

16.1 Gjaldfærsla kostnaðar

Kostnaður er færður til gjalda á því tímabili sem til hans er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

16.2 Skattamál

Í skipulagsskrá sjóðsins eru ákvæði þess efnis að jákvæð afkoma af starfsemi hans verði aðeins ráðstafað til að efla starfsemi í samræmi við hlutverk hans og með vísan til þeirra ákvæða hefur sjóðurinn fengið undanþágu frá skattlagningu. Sjóðurinn er því ekki tekjuskattskyldur lögaðili og greiðir því ekki tekjuskatt af rekstri sínum þó um jákvæða afkomu sé að ræða.

16.3 Skuldbindingar

Sjóðurinn færir skuldbindingu þegar sjóðurinn hefur lagalega eða samningslega skyldu til að greiða skuldbindingu vegna liðinna atburða, líkur eru taldar á að til greiðslu þeirra komi og hægt er að mæla þær með ábyggilegum hætti.

17. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi sjóðsins hefur í för með sér margvíslega áhættu. Samkvæmt 15. gr. laga nr. 60/2012 skulu framlög til starfsendurhæfingarsjóðs standa undir þeirri þjónustu sem sjóðnum er skylt að veita lögum samkvæmt. Sjóðurinn skal ábyrgjast skuldbindingar sínar með framlögum og skal miðað við að sjóðurinn geti staðið við þær. Engin ríkisábyrgð er á starfsemi VIRK og því er mikilvægt að það sé til staðar varasjóður til að mæta bæði sveiflum í rekstri og óvæntum áföllum í rekstri og þjónustu. Starfsemi VIRK er víðtæk og á hverjum tíma eru til staðar skuldbindingar gagnvart bæði einstaklingum og þjónustuaðilum sem geta náð nokkur ár fram í tímann. Vísað er til umfjöllunar um útreikninga á nauðsynlegum varasjóði VIRK í skýringu 12 hér að framan.

Aðrir áhættuþættir tengjast varðveislu og ávöxtun varasjóðs VIRK s.s. vegna vaxtabreytinga og áhrifa breytinga á gengi hlutabréfa og gengi erlendra gjaldmiðla. Helsti fjárhagslegi áhættuþáttur sjóðsins í varðveislu varasjóðs telst vera markaðsáhætta tengd fjárfestingu í verðbréfum. Áhættustýring er í höndum stjórnar sjóðsins sem markar fjárfestingastefnu.

Skýringar

17. Fjárhagsleg áhættustjórnun, frh.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðsluflæði fjármálagerna vegna breytinga á markaðsverðum. Í fjárfestingastefnu sjóðsins setur stjórn skýr mörk um eignasamsetningu. Þar með hefur sjóðurinn tryggt fjölbreytni og varkárni í fjárfestingasafninu og markað áhættuvilja sjóðsins. Þær markaðsáhættur sem skoðaðar eru sérstaklega eru: vaxtaáhætta, hlutabréfaáhætta og gjaldeyrisáhætta. Markmiðið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Á árinu 2022 leitaði VIRK eftir tilboði í eignastýringu. Samþykkt var að halda viðskiptum við Íslandsbanka áfram á grundvelli nýrrar fjárfestingastefnu en var Landsbankanum skipt út fyrir Kviku banka. Eignastýring bankanna þarf að fylgja fjárfestingastefnu sem samþykkt hefur verið af stjórn VIRK. Við val á nýjum aðilum til að halda utan um eignastýringu VIRK var horft til ávöxtunar sem og sjálfbærnistefnu. Í nýrri fjárfestingastefnu VIRK er leitast eftir því að fjárfesta í grænum skuldabréfum eða skuldabréfasöfnum sem eru með sjálfbærni að leiðarljósi eftir bestu getu hverju sinni. Fjárfestingastefnan var eftirfarandi á árinu 2022:

	Lágmark	Hámark	Stefna
Innlán - peningamarkaðsinnlán	0%	70%	0%
Ríkisskuldabréf og víxlar/skuldabréfasjóðir	30%	100%	45%
Sértryggð skuldabréf/skuldabréfasjóðir	0%	35%	25%
Sveitafélagabréf/skuldabréfasjóðir	0%	15%	5%
Önnur skuldabréf/skuldabréfasjóðir	0%	15%	5%
Hlutabréf/hlutabréfasjóðir	0%	30%	20%
- Innlend			10%
- Erlend			10%

Í árslok 2022 var staða eignastýringar hlutfallslega eftirfarandi:

	Íslandsbanki	Kvika
Innlán - peningamarkaðsinnlán	0,3%	1,6%
Ríkisskuldabréf og víxlar/skuldabréfasjóðir	41,9%	44,7%
Sértryggð skuldabréf/skuldabréfasjóðir	22,3%	23,1%
Sveitafélagabréf/skuldabréfasjóðir	1,6%	7,6%
Önnur skuldabréf/skuldabréfasjóðir	13,6%	7,2%
Hlutabréf/hlutabréfasjóðir	20,3%	15,8%
- Innlend	76,5%	58,5%
- Erlend	23,5%	41,5%
	<hr/> 100,0%	<hr/> 100,0%

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðsluflæði fjármálagerna vegna breytinga á markaðsverðum.

Breyting á ávöxtunarkröfu og vaxtakjör eru þættir sem hafa mikil áhrif á ávöxtun innlendra skuldabréfa. Lækkun stýrivaxta Seðlabanka Íslands hefur áhrif til lækkunar á ávöxtunarkröfu flestra skuldabréfa sem skilar sér í hærra gengi og þar með ávöxtun. Hækkun stýrivaxta hefur hins vegar öfug áhrif á gengi skuldabréfa.

Næmnigreining skuldabréfa

Áhrif af 5% hækkun/lækkun í virði skuldabréfa þýðir breytingu á eignasafninu um 158 milljónir króna.

Skýringar

17. Fjárhagsleg áhættustjórnun, frh.

Hlutabréfaáhætta

Hlutabréfaáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðsluflæði skráðra og óskráðra hlutabréfa félagsins.

Næmnigreining fyrir hlutabréfaáættu sýnir hvernig breytingar á gangvirði verðbréfa sveiflast vegna breytinga á markaðsverði, hvort sem verðbreytingarnar eru vegna einstakra fjárfestinga, útgefenda verðbréfa eða allra þátta sem hafa áhrif á fjármálagerninga.

Næmnigreining hlutabréfa

Áhrif af 5% hækkun / lækkun í virði hlutabréfa þýðir breyting á eignasafninu um 35 milljónir króna.

Gjaldeyrissáhætta

Gjaldeyrissáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðsluflæði fjármálagerninga vegna breytinga á gengi gjaldmiðla.

Sjóðurinn fjárfestir í erlendum gjaldmiðlum auk þess sem félagið er með fjárfestingar í erlendum verðbréfum þar sem sveiflur í gengi íslensku krónunnar hafa áhrif á virði fjármálagerninganna.

Næmnigreining gjaldeyris

Áhrif af 5% hækkun / lækkun gengis íslensku krónunnar þýðir breyting á eignasafninu um 12 milljónir króna.

Undirritunarsíða

formaður
Lóa Birna Birgisdóttir

varaformaður
Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir

Georg Páll Skúlason

Guðmundur Heiðar Guðmundsson

Halldóra Friðjónsdóttir

Heiðrún Björk Gísladóttir

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir

Kolbrún K Halldórsdóttir

Marta Ólöf Jónsdóttir

Páll Ásgeir Guðmundsson

Undirritunarsíða

Ragnar Þór Ingólfsson

Sólveig Bachmann Gunnarsdóttir

Unnur Sverrisdóttir

Þórey Sigríður Þórðardóttir

framkvæmdastjóri
Vigdís Jónsdóttir

óháður endurskoðandi
Bryndís Björk Guðjónsdóttir